

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Réttarheiði.

Þann 19. ágúst 2021 samþykkti bæjarráð Hveragerðisbæjar, í umboði bæjarstjórnar, óverulega breytingu á deiliskipulagi við Réttarheiði, sem felur í sér að byggingarreitur á leikskólalóð við Finnmörk 1 færist og lengist til suðvesturs meðfram Finnmörk, aðkoma og bílastæði á lóð verða staðsett á norðausturhluta lóðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 19. ágúst 2021.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2021